



Framlag til Vestnorræna menningarhússins

Endurskoðunarskýrsla fyrir árið 2016



RÍKISENDURSKOÐUN

Febrúar 2018

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður	3
3	Fjárheimildir og rekstur	4
4	Innra eftirlit.....	4
5	Fylgni við lög og reglur.....	5
	5.1 Inngangur	5
	5.2 Umfjöllun	5
6	Endurskoðun rekstrarliða	5
	6.1 Niðurstöður og ábendingar	5
7	Endurskoðun efnahagsliða	6
8	Önnur atriði	6
	8.1 Samþykkt ársreiknings	6
	8.2 Staðfestingarbréf stjórnenda	6
	8.3 Óhæðisyfirlýsing.....	6

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Vestnorræna menningarhússins í Kaupmannahöfn, fjárlagaliðar 01-253, fyrir árið 2016. Um er að ræða framlag til Vestnorræna menningarhússins en ekki rekstur.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi fjárlagaliðarins og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur fjárlagaliðarins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættumat ásamt almennum greiningaraðgerðum og gagnaendurskoðun.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Fjárlagaliðurinn var síðast endurskoðaður vegna ársins 2015. Ekki komu fram ábendingar eða athugasemdir við þá endurskoðun.

2 Niðurstöður

Endurskoðun fjárlagaliðarins 01-253 Vestnorrænt menningarhús í Kaupmannahöfn fyrir árið 2016 var án athugasemda.

3 Fjárheimildir og rekstur

Hlutverk fjárlagaliðarins er að halda utan um fjárveitingar Íslands til Norðurbryggju sem er sjálfseignarstofnun í Kaupmannahöfn.

Fjárveitingar á fjárlögum námu samtals 10,6 m.kr. Millifærslur voru engar þannig að fjárheimildir ársins voru óbreyttar. Tilfærslur eru fast árlegt menningarframlag Íslands að upphæð 500 þús. danskar krónur. Framlag Íslands er ákveðið í fjárlögum. Jákvætt frávik vegna tilfærslna skýrist eingöngu af hagstæðari gengisþróun íslensku krónunnar miðað við danska krónu.

4 Innra eftirlit

Fjárlagaliðurinn heyrir undir forsætisráðuneyti og er í greiðslu- og bókhaldsþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Áður hefur komið fram við endurskoðun að ráðuneytið fylgir föstum verklagsreglum og er með fastmótað skipulag og verkaskiptingu. Umsjón og ábyrgð með bókhaldi og starfsmannahaldi er vel skilgreind og afmörkuð. Fjárhagskerfi ríkisins (Orri) eru notuð við bókhalds- og launavinnslu.

Skrifstofustjóri á skrifstofu fjármála samþykkir reikninga fyrir fjárlagaliðinn.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3.

5.2 Umfjöllun

Framlög ríkisins til fjárlagaliðarins 01-253 og fjárheimildir ársins byggjast á fjárlögum fyrir árið 2016.

6 Endurskoðun rekstrarliða

Hvorki er um tekjur eða launagjöld að ræða.

Eins og áður kom fram er stærsti útgjaldaliðurinn árlegt menningarframlag, þ.e. framlag Íslands til menningarstarfsemi í Norðurbryggju, 9,459 þús.kr. Millifærsla og greiðsla fjárins var staðfest. Aðrir kostnaðarliðir voru dagpeningar erlendis og fargjöld vegna þátttöku Íslands í stjórn stofnunarinnar samtals 267 þús.kr.

6.1 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun rekstrarliða var án athugasemda.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir 2,645 þús.kr. sem er inneign hjá ríkissjóði, skammtímaskuldir voru 622 þús.kr. og eigið fé um 2.023 þús.kr. Eigið fé fyrri ára er jafnan leiðrétt í lokafjárlögum árið eftir þannig að rekstrarniðurstaða ársins er jöfnuð út árið á eftir.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Ríkissjóður	2.645	1.525	1.120
Eignir alls	2.645	1.525	1.120
Eigið fé og skuldir:			
Eigið fé	2.023	1.525	498
Skammtímaskuldir	622	0	622
Eigið fé og skuldir alls	2.645	1.525	1.120

Liðurinn Skammtímaskuldir er vegna færslu á gömlu framlagi til framkvæmda við Norðurbryggju í Kaupmannahöfn sem var ranglega millifært til skuldar á fjárlagaliðinn. Þetta hefur verið leiðrétt í kjölfar athugasemdar Ríkisendurskoðunar.

8 Önnur atriði

8.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur fjárlagaliðarins 01-253 var samþykktur af forstöðumanni og aðalbókara án fyrirvara 24. mars 2017.

8.2 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda var ekki sent til ráðuneytisins vegna fjárlagaliðarins frá Fjársýslu ríkisins vegna þess að ekki er um stofnun að ræða.

8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggur undirrituð óhæðisyfirlýsing starfsmanns Ríkisendurskoðunar vegna endurskoðunarinnar dagsett 12. desember 2017.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is